

Ed.

944. Breytingartillögur

við frv. til l. um eignarnámsheimild á afnotarétti landsvæðis úr Garðalandi.

Frá Páli Hermannssyni.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
Ríkisstjórninni heimilast að taka eignarnámi afnotarétt allrar jarðarinnar Hvaleyrar í Hafnarfirði og landspildna þeirra o. s. frv.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
Þá er eignarnámið hefir fram farið skal ráðstafa landinu þannig:
 - a. Hafnarfjarðarbær gengur inn í afnot þeirrar háflendu Hvaleyrar, sem er eign bæjarins, og jafnframt skal stjórnarnefnd Flensborgarskólans í Hafnarfirði skylt að selja Hafnarfjarðarbæ á leigu þá háflendu Hvaleyrar, sem er eign skólans. Náist ekki samkomulag um leigumálann milli aðila, á Hafnarfjarðarbær rétt á að ganga inn í erfðafestusamning

þann, sem stjórnarnefnd skólans gerði við Ingólf Flygenring hinn 15. júlí 1916.

- b. Taka skal upp af nýju landskipti þau, er gerð voru á síðasta ári á landi Garðatorfunnar. Við hin nýju skipti skal að minnsta kosti helmingur af landsvæði því, er um ræðir í 1. gr., koma til skipta og þess gætt, að öll býli í Garðahverfinu, bæði þau, sem eru í sjálfsábúð, og hin, sem leigð eru, fái hæfilega mikið af ræktanlegu landi.
3. Við 3. gr. Á eftir „landskiptum“ komi: samkvæmt b-lið 2. gr.
4. Við 4. gr. Á eftir orðunum „afhending lands þess“ í byrjun greinarinnar komi: úr Garðalandi.
5. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: fyrir lönd úr Garðalandi, en úr bæjarsjóði Hafnarfjarðar fyrir Hvaleyri.
6. Fyrirsögnina skal orða svo:
Frumvarp til laga um eignarnámsbeimild á afnotarétti Hvaleyrar í Hafnarfirði og landsvæðis úr Garðalandi.